

Fimmtudaginn 4. mars, 2010 - Aðsent efni

Hvað gerist eftir þjóðaratkvæðagreiðsluna?

Eftir Ann Pettifor og Jeremy Smith



Eftir Ann Pettifor og Jeremy Smith: "Raddir íslenskra stjórnvalda og almennings verða að heyrast betur með skilvirkum herferðum í Stóra-Bretlandi, Hollandi og innan Evrópusambandsins."

NÚ hefur slitnað upp úr samningaviðræðum. Bretar og Hollendingar halda „yfirganginum“ áfram (Financial Times 27. febrúar 2010) og þjóðaratkvæðagreiðslan fer fram. Hvað svo?

Við leggjum áherslu á að hér er ekki um ríkisskuld að ræða jafnvel þótt Bretar og Hollendingar reyni að telja okkur trú um það.

Þetta er reglugerðarkreppa Evrópusambandsins og efnahagslíkans Breta og Bandaríkjamanna.

Íslendingar búa að sterkri lýðræðishefð og með þjóðaratkvæðagreiðslunni býðst þeim tækifæri til að standa fast á fullveldi sínu og sjálfsforræði. Forysta þeirra og fordæmi mun hvetja þjóðir annarra lýðræðisríkja til að hafna harkalegum niðurskurði almennrar þjónustu og lífskjara af völdum einmitt þeirra manna og stofnana sem bera ábyrgð á kreppunni, því að með almennri þjóðnýtingu taps einkaaðila er ætlast til þess að við öll – ekki aðeins Íslendingar – greiðum fyrir ófyrirleitna áhættufíkn einkaaðila.

Sameiginleg ábyrgð

Meginreglan við lausn deilunnar er fólgin í sameiginlegri ábyrgð. Forseti Íslands, Ólafur Ragnar Grímsson, hefur vakið athygli á svipuðu atriði, „sameiginlegri alþjóðlegri ábyrgð“. Með afnámi hafta leyfði fyrri ríkisstjórn Íslands fjármálageiranum að leika lausum hala.

Skyndilegt hrun íslenskra bankakerfisins kom ekki eins og þruma úr heiðskíru lofti. Áhættan var sýnileg og mikið var um hana fjallað, m.a. af öðrum höfundum þessarar greinar. 1)

Og innlánatryggingakerfið hafði alls enga burði til að kljást við kerfishrun. Íslendingar geta því ekki komist hjá því að axla nokkra pólitíska ábyrgð fyrir Icesave-hrakfarirnar.

En Íslendingum einum er alls ekki um að kenna þetta gáleysi. Stjórnvöld Bretlands og Hollands – jafnvel stjórnir Evrópusambandsins og Evrópska efnahagssvæðisins í heild – hvöttu til afnáms fjárhagslegra hafta og víðtækari innri markaðar fyrir fjármálaþjónustu, án nær nokkurs tillits til mjög svo fyrirsjáanlegs efnahagshruns.

Evrópusambandið og innlánaþryggingakerfi

Bresk og hollensk stjórnvöld létu einnig hjá líða að rækja eftirlit samkvæmt lögum Evrópusambandsins.

Icesave í Stóra-Bretlandi var *útibú* en ekki dótturfélag Landsbankans. Tilskipun Evrópusambandsins, 94/19/EC – en annmarkar hennar eru nú öllum ljósir – krefst þess að öll aðildarríki Evrópusambandsins:

„... skuli ganga úr skugga um að öll útibú, sem lánastofnun hefur stofnað sem hefur aðalstöðvar utan Evrópusambandsins, njóti sams konar verndar og fyrir er mælt um í þessari tilskipun“ (gr. 6.1).

Þótt Ísland eigi aðild að Evrópska efnahagssvæðinu er það samt „utan“ Evrópusambandsins og hvorki Stóra-Bretland né Holland hafa fullnægt þessari eftirlitsskyldu sinni.

Hvort sem menn telja þessar skuldbindingar siðferðilegar, pólitískar eða lagalegar bera bresk og hollensk stjórnvöld mikla ábyrgð.

Meðalhófsregla

Meðalhófsregla er meginregla laga Evrópusambandsins – en bresk og hollensk stjórnvöld hafa litið fram hjá þessu. Í bréfi okkar til Financial Times (7. janúar) vöktum við athygli á því að samanlagður íbúafjöldi Stóra-Bretlands og Hollands er 76 milljónir, í samanburði við 317.000 íbúa Íslands og að

„endurgreiðsla þjóðnýttis taps einkabanka nemur 12.000 evrum fyrir hvern Íslending ... en kostnaður hvers hollensks og bresks skattgreiðanda nemur u.þ.b. 50 evrum.“

Kreppan stafar ekki af ríkisskuld

Bresk og hollensk stjórnvöld hafa, með pólitískum brellum, talið heiminum trú um að hér sé um ríkisskuld að ræða.

Það er alrangt. Af skiljanlegum ástæðum kusu þessar ríkisstjórnir að bæta innlendum innstæðueigendum Icesave-reikninga, sem áttu innlán í hættu, tapið. Það gerðu þær án samráðs við ríkisstjórn Íslands. En allt frá byrjun beittu þær efnahagslegum ofurmætti (force majeure) til að reyna að velta allri bótabyrðinni á íslenska ríkið og Íslendinga. Aðeins eftir á að hyggja – og undir nauðung – var gerður samningur við ábyrgðarsjóð innlánseigenda og fjárfesta á Íslandi um að bæta ríkisstjórn Stóra-Bretlands og Holland kostnað þeirra af því að hlaupa undir bagga með þeirra eigin þegnum.

Þetta afturvirka ofbeldi er nú nefnd lánasamningur – jafnvel þótt um „lánið“ hafi aldrei verið samið af hálfu lántaka, heldur þvingað upp á hann af hálfu „lánveitenda“. Og hinn týndi hlekkur, sem ríkisstjórnir Stóra-Bretlands og Hollands þrá svo ákaflega, þ.e. ábyrgð á ríkisskuld er enn ... týndur!

Skilmálarnir

Áformað vaxtastig, 5,5%, er sérstaklega ósanngjarn, vegna þess að Bótasjóður fjármálaþjónustu Stóra-Bretlands (UK's Financial Services Compensation Service) hefur, samkvæmt upplýsingum frá fjármálaráðuneyti Stóra-Bretlands, „fjármagnað greiðslur [til breskra innlánaeigenda] með láni frá Englandsbanka.“ 2) Fjármálaráðuneytið hefur ekki gefið upp vaxtastig þessa láns – og hefur enda ráðið vaxtastiginu sjálf. Grunnvaxtastig Englandsbanka er nú 0,5% (1,5% í janúar 2009). Grunnvaxtastig Seðlabanka Evrópu var 2,0% í janúar 2009. Þó sýndi hollenska ríkisstjórnin jafnvel meiri ósvífni með því að krefjast 6,7% vaxta upphaflega.

Hvaða kostir bjóðast Íslandi og Íslendingum?

Einn kostur í þjóðaratkvæðagreiðslunni er að samþykkja tillögu byggða á efnahagslegum ofurmætti, þ.e. að greiða alla fjárhæðina sem krafist er (skera niður almannaðjónustu, auka atvinnuleysi, stuðla að miklum landflóttu...) og vonast til að byggja upp efnahagslífið smám saman. Hins vegar mundi slíkur kostur valda því að endurreisn og enduruppbygging til skamms tíma yrði nær óhugsandi. Og þegar til lengdar lætur, eins og J. M. Keynes sagði, verðum við öll dauð!

Allir aðrir kostir munu styrkjast af öflugri höfnun tillögu Stóra-Bretlands og Hollands, vegna þess að því fleiri sem hafna henni – og segja NEI – þeim mun sterkari verður samningsstaða Íslands, hvaða kostur sem verður valinn.

Unnt væri að skjóta deilunni til dómstóla, til gerðardóms eða (helst) til málamiðlunar. Það er sláandi þáttur í þessu máli að hingað til hafa ríkisstjórnir Stóra-Bretlands og Hollands gert sitt besta til að forðast lagalega lausn deilunnar, þrátt fyrir staðfasta höfnun ríkisstjórnar Íslands á lagalegri ábyrgð. Slíkt kynni að reynast skynsamlegt vegna þess að tilskipunin frá 1994 er illa samin og niðurstaðan ófyrirsjáanleg fyrir alla aðila.

Að sigra hugi og hjörtu

Að þjóðaatkvæðagreiðslunni lokinni skiptir meginmáli að ríkisstjórnin og íslenska þjóðin fræði og vinni á sitt band almenningsálitið og álit stjórnvalda í Stóra-Bretlandi og Hollandi, svo og innan Evrópusambandsins.

Til þessa hefur málið ekki verið nægilega vel útskýrt fyrir almenningi í Stóra-Bretlandi og Hollandi.

Af þessu leiðir að ríkisstjórnirnar tvær verða fyrir litlum þrýstingi frá almenningi um að láta af fantabrögðum sínum.

Raddir íslenskra stjórnvalda og íslensks almennings verða að heyrast betur með skilvirkum herferðum í Stóra-Bretlandi, Hollandi og innan Evrópusambandsins. Væntanlegar kosningar í báðum ríkjunum munu gera þetta erfiðara í bráð, en til langs tíma litið hlýtur málstaður Íslands að verða ráðandi – ef hann er settur fram með skipulegum hætti.

Nú er rétti tíminn til að skýra málefnið nánar – sameiginlega ábyrgð, gallað og óhóflegt eðli krafna ríkisstjórna Stóra-Bretlands og Hollands, áhrif þeirra á venjulega þegna Íslands og jákvæðar hugmyndir og tillögur sem koma fram við lýðræðislegar umræður á Íslandi.

Með þessum hætti getum við lagt grundvöllinn að réttlátri lausn þess arar deilu.

1) „Yfirvofandi kreppa iðnríkjanna“ (The coming first world debt crisis), eftir Ann Pettifor, Palgrave, 2006.

2) HM Treasury Press Release, 9. október 2009: “Landsbanki, Heritable, and Kaupthing Singer and Friedlander“. http://www.hm-treasury.gov.uk/press_103_08.htm

Höfundar eru stjórnendur Advocacy International og Pettifor er félagi í new economics foundation.